

# Fundargerð 90. fundar

## stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2026, miðvikudaginn 28. janúar kl. 16:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Guðmundur Haukur Jakobsson, Ísleifur Jónasson, Jónína Brynjólfsdóttir, Knútur Emil Jónasson, Guðný Birna Guðmundsdóttir og Kjartan Benediktsson.

Að auki sat fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Skattlagning orkuvinnslu - 2509004SO

Þann 29. og 30. janúar mun stjórn Samtaka orkusveitarfélaga og starfsfólk Sambands íslenskra sveitarfélaga funda með hverjum og einum þingflokki sem situr á Alþingi. Markmið fundarins er að upplýsa þingflokka um mikilvægi þess að væntanlegt frumvarp um afnám á undanþágu rafveitna (vatnsafls- og jarðvarmavirkjanna og vindmylla) frá fasteignamati verði samþykkt á núverandi þingi.

*Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi minnisblað með áorðnum breytingum sem ræddar voru á fundinum.*

Fundi var slitið kl. 17:00